

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Snæfjalla.

#### I. RAFORKA

Rafveita Snæfjalla selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Notkun til búrekstrar, heimilisþarfa o. fl.

Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl og sýnir annars vegar heildarnotkun og hins vegar orkunotkun yfir aflstillingu.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald, lágmarksstilling 3 kW .....	kr. 12 000.00 á ári.
Aflgjald, frá 3 til 6 kW .....	— 2 800.00 á kW á ári.
Aflgjald, umfram 6 kW .....	— 2 000.00 á kW á ári.
Orkugjald af allri notkun .....	— 0.45 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu .....	— 6.00 á kWst.

Leiga á einum mæli er innifalin í verðinu.

#### B. Vélanotkun, til radióstöðvar, sumarbústaða o. fl.

Notandi greiði sem hér segir yfir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald .....	kr. 4 500.00 á kW á ári.
Orkugjald af allri notkun .....	— 1.50 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu .....	— 7.00 á kWst.

#### C. Ýmiss konar notkun.

1. Lýsing—orkugjald .....	— 14.00 á kWst.
2. Um vinnulagnir—orkugjald .....	— 7.00 á kWst.
3. Kirkjur—orkugjald .....	— 7.00 á kWst.

#### D. Utanhússlýsing.

1. Fast leigugjald á ljósker .....	— 500.00 á ári.
Orkugjald, ómæld notkun á uppsett afl .....	— 5.00 á W á ári.

### II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og rofa, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Af mælitækjum og rofum er heimilt að taka leigu sem næst 20% af verði tækisins á ári.

### III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimitaugar og/eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Umsækjandi heimitaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun hús-næðis og helztu raforkunotkun, jafnvel leggja fram raflagnateikningar.

Hreppsnefndir Snæfjalla- og Nauteyrarhrepps ákveða heimitaugargjald hverju sinni, að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal það vera sem næst kostnaðar-verði.

### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 1 000.00 í opnunargjald.

2. Ef fundinn er óleyfilegur rafbúnaður eða of stór vör skal veitunni lokað tafarlaust, og ekki opnað aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 000.00 í opnunargjald.

#### V. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Notendum skal skylt að gefa upp tölur á kWst.-mælum í síma þegar óskað er, en reglulegur aflestur fer fram ársfjórðungslega.  
Reikningur fyrir raforku er gjaldfallinn um leið og hann hefur horizt notanda.
2. Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna, súgþurrkunarmótora og heylblásara eða takmarkað notkun slíkra tækja við tiltekna tíma sólarhrings. Rafveitustjóra skal tilkynnt áður en slík tæki og straumflek eru tekin í notkun.
3. Að fenginni heimild ráðuneytisins er hreppsnefnd heimilt að hækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, til samræmis við hækkun kaupgjalds og verðlags, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu með nægum fyrirvara. Í framangreindum gjöldum er innifalinn söluskattur og viðlagagjald. Raforka til húshitunar er þó undanþegin þeim.

Ákvæði bráðabirgðalaga nr. 40 30. apríl um niðurfærslu verðlags o. fl., taka og til gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Snæfjallahrepps, nr. 319/1969.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. júní 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

#### S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Marbælis, Melstaðs og Hlíðarhúss,  
í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu.

##### 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Marbælis, Melstaðs og Hlíðarhúss. Heimili og varnarþing þess er í Hofshreppi, Skagafirði.

##### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á svæðinu fyrir vatni.

##### 3. gr.

Stofnendur félagsins eru eigendur býlanna Marbælis, Melstaðs og Hlíðarhúss, Hofshreppi. Hver stofnandi greiðir kr. 10 000.00 sem stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús. Félagsskylda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að eigendum séu látin í té afnot af því vatni, sem félagið hefur til umráða.